

tíma byggt með leyfi byggingaryfirvalda Reykjavíkur og á eignarlóð, en nú er þess farið á leit, að það verði flutt þaðan, heilt eða rífið, með beinni fógetagerð.

Í Nl. VI.—14. er ákvæði það, sem beinar fógetagerðir byggjast á. Segir þar, að vilji maður ekki flytjast úr leiguhúsi á fardaga réttum, enda hafi honum verið löglega byggt út, eða hann hafist við í húsi, sem hann á engan rétt til eða hafi verið dæmdur úr, að ólofi eiganda, og megi þá eigandi án frekara dóms láta ryðja húsið.

Þessu ákvæði hefur analógískt verið beitt um önnur tilvik. Í máli þessu er um að ræða kröfugerð þess efnis, að íbúðarhús, byggt með leyfi byggingaryfirvalda, verði flutt með beinni fógetagerð af lóð þeirri, sem það stendur á. Þessi kröfugerð er þess eðlis, að telja verður, að nýnefndri lagagrein verði hér ekki beitt analogice. Af því leiðir, að útburðargerð slík sem þessi verður ekki látin fara fram nema að undangengnum dómi almenns dómstóls.

Þannig verður synjað um þessa umbeðnu útburðargerð. Málskostnaður verður látinn falla niður.

#### Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. marz 1959.

Nr. 119/1958. **Samvinnufélagið Björg**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

**Skeggja h/f** (Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál. Gildi prókúruumboðs.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1958 að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Krefst hann sýknu af dómkröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 30.000,00 með 6% ársvöxtum frá 1.

júlí 1956 til greiðsludags og málskostnað í aðalsök og gagnsök í héraði að mati Hæstaréttar. Þá krefst áfrýjandi, er fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfilegra málssóknarlauna til skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, er ákveðst kr. 3.500,00.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samvinnufélagið Björg, greiði stefnda, h/f Skeggja, kr. 3.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. þ. m., hefur aðalstefnandi, h/f Skeggi hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. apríl 1957, gegn Samvinnufélaginu Björgu, Drangnesi í Strandasýslu, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 43.500,00, með 7% ársvöxtum af kr. 13.500,00 frá 1. maí 1956 til 1. júní s. á. og kr. 43.500,00 frá þeim degi til greiðsludags,  $\frac{1}{3}$  % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 250,00 í stimpil- og afsagnarkostnað og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda hefur krafizt sýknu í aðalsök af öllum kröfum aðalstefnanda og málskostnaðar úr hans hendi eftir mati dómsins.

Með stefnu, út gefinni 14. maí 1957, hefur stefnda gagnstefnt

aðalstefnanda til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 55.000,00, með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Síðar hefur gagnstefnandi lækkað kröfu þessa um kr. 25.000,00.

Gagnstefnda hefur krafizt sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

#### *Aðalsök.*

Málavextir eru þeir, að hinn 1. marz 1956 var undirritaður leigusamningur um leigu m/s Sigurðar Péturs, RE-186. Í samningi þessum, sem lagður hefur verið fram í málinu, er stefnandi, sem var eigandi skipsins, leigusali, en stefnda leigutaki. Af hálfu stefnanda undirritaði samninginn Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður stefnanda, en af hálfu stefnda Njáll Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri stefnda. Með samningi þessum leigði stefnandi stefnda áðurgreint skip frá 1. marz 1956 til 20. júní 1956. Þó skyldi leigusamningurinn framlengjast til 30. nóvember sama ár, ef hvorugur aðili hafði sagt honum upp fyrir 1. júní. Leigugjaldið var ákveðið kr. 45.000,00 fyrir hvern mánuð, og skyldi það greiðast mánaðarlega fyrir fram hinn fyrsta hvers mánaðar. Þó átti það að vera kr. 40.000,00 á mánuði yfir allt tíma-bilið, ef samningurinn framlengdist til 30. nóvember. Síðar í samningnum segir: „Leigu skipsins skal leigutaki greiða þannig: Við undirskrift samnings þessa greiðir leigutaki kr. 45.000,00 — fjörutíu og fimm þúsund krónur — og gefur út víxla með gjalddaga 1. apríl, 1. maí og 1. júní til tryggingar skilvísri greiðslu leigunnar.“ — Með símskeyti, dagsettu 29. maí 1956, sagði stefnandi leigusamningnum upp frá 20. júní s. á.

Af hálfu stefnanda er skýrt svo frá, að leigugjaldið fyrir marz-mánuð hafi verið greitt við undirskrift samningsins. Um leið hafi framkvæmdastjóri stefnda gefið út í eigin nafni og samþykkt f. h. stefnda þrjá tryggingarvígla, eins og gert sé ráð fyrir í samningnum. Aprílleigan hafi verið greidd með ávísun, að fjárhæð kr. 30.000,00, á Almennar tryggingar h/f hér í bæ og með kr. 15.000,00 í peningum. Tryggingarvíglinum pr. 1. apríl hafi þá jafnframt verið skilað. Af leigugjaldinu fyrir maímánuð hafi aðeins verið greiddar kr. 35.000,00. Skuldi stefnda því kr. 10.000,00 af máleigunni og allt leigugjaldið, kr. 30.000,00, fyrir júnímánuð. Tryggingarvígslarnir pr. 1. maí og pr. 1. júní séu því báðir fallnir í gjalddaga.

Tryggingarvígslar þessir, sem lagðir hafa verið fram, eru út

gefnir 1. marz 1956 af Njáli Gunnlaugssyni persónulega og samþykktir af honum pr.pr. Samvinnufélagið Björg til greiðslu í Útvegsbankanum í Reykjavík. Annar víxillinn er að fjárhæð kr. 45.000,00 með gjalddaga 1. maí 1956. Hafa verið greiddar upp í hann kr. 35.000,00. Hinn er að fjárhæð kr. 30.000,00 með gjalddaga 1. júní 1956.

Auk framangreindra víxla hefur stefnandi lagt fram víxil, að fjárhæð kr. 3.500,00. Er víxill þessi út gefinn af Njáli Gunnlaugssyni persónulega og samþykktur af honum pr.pr. Samvinnufélagið Björg til greiðslu í Útvegsbankanum í Reykjavík hinn 1. maí 1956, en víxil þennan, sem afsagður var vegna greiðslufalls 3. maí 1956, hefur Njáll Gunnlaugsson framselt eyðuframsali. Krefst stefnandi einnig greiðslu víxils þessa, þótt hann sé ekki til orðinn vegna fyrrgreinds samnings.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi því þannig:

|                                                     |               |
|-----------------------------------------------------|---------------|
| 1. Eftirstöðvar víxils að fjárhæð kr. 45.000,00 pr. |               |
| 1. maí 1956 .....                                   | kr. 10.000,00 |
| 2. Vixill pr. 1. júní 1956 .....                    | — 30.000,00   |
| 3. Vixill pr. 1. maí 1956 .....                     | — 3.500,00    |
|                                                     | <hr/>         |
|                                                     | Kr. 43.500,00 |

Af hálfu stefnda hefur verið skýrt svo frá, að í desember 1955 hafi stjórn stefnda ráðið nýjan framkvæmdastjóra til félagsins, Njál Gunnlaugsson. Síðar hafi átt að ganga frá starfssamningi við hann, en af því hafi ekki orðið. En prókúruumboð hans fyrir félagið var auglýst í Lögbirtingablaðinu 25. janúar 1956. Í viðtölum við einstaka stjórnarmenn og fleiri hafi Njáll haft á orði, að hann mundi koma með togbát og láta hann leggja upp afla sinn á Drangnesi, ef úr ráðningu hans yrði. En mikil þörf hafi þá verið fyrir aukavinnu á Drangnesi. Um áramótin, er Njáll tók við störfum, hafi ógreidd vinnulaun skipverja og verkafólks hjá félaginu frá fyrra ári numið um 120 þúsund krónum. Hafi skipverjar haft við orð, að þeir mundu ekki ráða sig að nýju á báta félagsins, fyrr en fullnaðargreiðsla til þeirra væri fyrir hendi. Hafi þá verið leitað hófanna um bráðabirgðalán til að reyna að kippa þessu í lag, sem og hafi tekizt, en einhverra hluta vegna hafi það fé farið í annað, svo að vinnulaunin greiddust ekki upp. Hafi framkvæmdastjórinn þá hafið eftirgrennslan hjá Útvegsbanka Íslands í Reykjavík um rekstrarlán fyrir heimabáta félagsins á Drangnesi til að koma þeim á ný á veiðar. Að sögn fram-

kvæmdastjórans hafi lán getað fengið þar, þó með því skilyrði, að stjórnarmenn félagsins gengju í persónulega ábyrgð fyrir lánuinu. Á stjórnarfundum í félaginu 26. janúar 1956 hafi svo verið ákveðið að taka fyrrgreint lán, og hafi allir stjórnarmenn félagsins skrifað upp á 120.000,00 kr. víxil, sem sendur hafi verið framkvæmdastjórnum í fullu trausti þess, að hann verði því fé, sem fyrir víxilinn fengist, til að greiða ógoldin vinnulaun á Drangnesi, eins og stjórnin hafði samþykkt á fundinum 26. janúar. Víxilinn hafi framkvæmdastjórinn selt í Útvegsbankanum, eins og til stóð, en andvirði hans hafi aldrei komið til Drangnes, en peningunum hafi hann varið til að taka á leigu togbátinn Sigurð Pétur án allrar vitundar stjórnar félagsins og þvert ofan í fyrir-mæli hennar. Um leigumálann hafi stjórnin frétt í marzmánuði, er hún meðtók veðskjöl, sem Útvegsbankinn sendi norður. En þar hafi komið í ljós, að 35% af aflaverðmæti skipsins höfðu verið veðsett, en tekið fram, að báturinn yrði gerður út frá Drangnesi og aflinn yrði lagður þar á land. Er fyrrgreind veðskjöl bærust norður, hafi stjórnin strax gert ráðstafanir til að fá framkvæmdastjórnann, sem sat í Reykjavík, norður til að gefa upplýsingar um málið auk skýrslna um ýmis önnur mál. Hafi hann komið norður 29. marz og mætt á stjórnarfundum félagsins. Um þetta segir m. a. í útdrætti af fundargerðabók stjórnarinnar, sem lagður hefur verið fram: „Þá var rætt um útgerð á Sigurði Pétri, sem er botnvörpuskip og framkvæmdastjóri hafði ráðizt í útgerð á án stjórnarsamþykkis. Kvaðst framkvæmdastjóri mundu reyna að útvega víxil til greiðslu á víxli þeim, er stjórnarmenn eru ábyrgðarmenn á, og þar með yrði skipið á sínum vegum, en ekki s/f Bjargar.“ Á fundi þessum lýsti formaður félagsstjórnar sig meðmæltan því, að Sigurður Pétur legði upp afla á Drangnesi og að víxill stjórnarmanna yrði látinn standa og hann greiddur með væntanlegum fiski. Aðrir stjórnarmenn vildu losa víxilinn og vildu ekki skrifa upp á fleiri víxla, en framkvæmdastjóri hafði farið fram á það, að stjórnarmenn skrifuðu upp á tryggingarvíxil, að fjárhæð kr. 50.000,00, til tryggingar sjóveðskröfum á skipið Sigurð Pétur. Á fundi þessum lýsti framkvæmdastjórinn, Njáll, yfir því, að hann segði starfi sínu upp, og kvaðst mundu hætta störfum um leið og Magnús Guðmundsson, sem sagt hafði starfi sínu lausu, nema ráðinn yrði annar maður, sem væri „jafn-kunnugur málavöxtum og Magnús,“ í stað Magnúsar. Frekari bókanir um þetta mál eru ekki í fundargerðinni. Á stjórnarfundum 2. júlí 1956 ákvað stjórn félagsins, að starfi Njáls í þágu félagsins

skyldi þar með lokið. Hinn 25. s. m. var afturköllun prókúru-umboðs hans auglýst í Lögbirtingablaðinu.

Sýknukröfu sína í aðalsök byggir stefnda á því, að það sé ekki réttur aðili máls þessa. Telur stefnda, að prókúruhafinn, Njáll Gunnlaugsson, hafi ekki haft heimild til að samþykkja víxla þá, sem stefnandi hefur lagt fram, og gera leigumálann um fyrrgreint skip. Telur það Njál ekki hafa haft umboð til að undirrita skjöl þessi í nafni stefnda, og ekki hafi umboð til þess falizt í stöðu hans sem prókúruhafa. Eins og á stóð, hafi stefnandi átt að fá samþykki stjórnar stefnda. Auk þess beri á það að líta, að fyrrgreindur samningur brjóti í bág við tilgang með starfsemi og rekstri samvinnufélagsins. Að lokum hefur stefnda á það bent, að viðsemjandi Njáls, Jón Sigurðsson, hafi ekki verið í góðri trú, er hann gerði samninginn við Njál. Þá beri á það að líta, að framkvæmdastjórinn, Njáll Gunnlaugsson, hafi talið sig útgerðarmann m/s Sigurðar Péturs, er lögskráð var á skipið 17. marz 1956. Það hafi komið í ljós, að skipið lagði upp afla sinn víðar en á Drangnesi, bæði á Siglufirði og Sauðárkróki, en um aflamagn og verðmæti viti stjórnin ekkert, þar sem Njáll hafi aldrei fengizt til að upplýsa það. Hins vegar sé það vitað, að verðmæti þess afla, sem á báðum fyrrgreindum stöðum var landað, hafi verið greitt af viðkomandi aðiljum.

Stefnandi heldur því fram, að framkvæmdastjóri hans hafi gert skipsleigusamninginn í góðri trú, enda hafi prókúruumboð framkvæmdastjóra stefnda verið tilkynnt í Lögbirtingablaðinu, löngu áður en samningurinn hafi verið gerður. Prókúristinn hafi ekki gert annað en það, er laut að þeirri atvinnu, er stefnda rak og reki enn, þ. e. útgerð fiskiskipa. Hafi hann því haft fullkomið umboð til að gera samninginn. Einnig megi á það benda, að stefnda hafi fengið rekstrarlán í Útvegsbankanum til útgerðar m/s Sigurðar Péturs, og hafi forráðamenn stefnda skrifað á rekstrarvixilinn, svo að fráleitt sé að halda því fram, að þeim hafi eigi verið kunnugt um leigumálann.

Er fyrrgreindur skipsleigusamningur var undirritaður, hafði framkvæmdastjóri stefnda skömmu áður selt Útvegsbankanum í Reykjavík 120 þúsund króna víxil þann, sem áður greinir og stjórnarmenn stefnda voru ábyrgðarmenn á. Skipsleigusamningurinn virðist hafa verið gerður með vitund og í samráði við Útvegsbankann, enda er beinlínis tekið fram í honum, að Útvegsbankinn skuli hafa afrit af honum. Hefur lögfræðingur bankans, sem undirritaði samninginn sem vitundarvottur, komið fyrir dóm

og skýrt svo frá, að fyrrgreint lán hafi verið veitt sem rekstrarlán í sambandi við útgerð m/s Sigurðar Péturs. Í félagssamþykktum stefnda er tilgangur félagsins sagður vera „að reka verzlun, iðnað og útgerð í því skyni að efla atvinnu til almennra hagsbóta á félagssvæðinu“. Það er einnig fram komið í málinu, að stefnda hafði útgerðarstarfsemi með höndum. Verður eigi séð, að leiga á fyrrgreindu skipi í þrjá og hálfan mánuð hafi verið óvenjuleg ráðstöfun félagsins, enda hefur ekkert komið fram í málinu né því haldið fram af hálfu stefnda, að leigusamningurinn hafi út af fyrir sig verið óhagstæður fyrir leigutaka. Þegar þetta er virt svo og það, að framkvæmdastjórinn hafði auglýst prókúruumboð fyrir stefnda, verður að telja, að hann hafi haft umboð til að gera skipsleigusamninginn og einnig til að samþykkja fyrrgreinda víxla, sbr. 25. gr. laga nr. 42/1903. Það er hins vegar ósannað gegn andmælum stefnanda, að Jón Sigurðsson hafi vitað eða mátt vita, að framkvæmdastjórann skorti heimild til að gera skipsleigusamninginn. Er stefnda því bundið af þessum ráðstöfunum og réttur aðili máls þessa. Ber því að taka kröfur stefnanda í aðalsök til greina að fullu, þar á meðal kröfu hans um málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000,00.

#### *Gagnsök.*

Gagnstefnandi byggir kröfur sínar í gagnsök á því, að framkvæmdastjórann, Njál, hafi brostið heimild til að afhenda gagnstefnda tékka, að fjárhæð kr. 25.000,00, og björgunarfé, að fjárhæð kr. 30.000,00, samtals kr. 55.000,00, og beri gagnstefnda því skylda til að endurgreiða gagnstefnanda fjárhæð þessa.

Tékka þann, sem hér um ræðir, afhenti margnefndur framkvæmdastjóri gagnstefnanda gagnstefnda sem tryggingu í sambandi við fyrrgreindan skipsleigusamning. Hafði gagnstefnda, sem ekki hafði framvísað tékkanum til greiðslu, tékkann í vörzlum sínum, er málssókn þessi var hafin. Við hinn munnlega málflutning var umboðsmanni gagnstefnanda afhentur tékkinn, og lækkaði hann þá kröfu gagnstefnanda um tékkafjárhæðina, en krafðist þess, að málskostnaður yrði miðaður við 55.000,00 kr. kröfu, þar sem gagnstefnda hefði ekki afhent tékkann fyrr.

Gagnstefnda hefur viðurkennt að hafa tekið á móti 30 þúsund króna ávísun á Almennar tryggingar h/f úr hendi framkvæmdastjóra gagnstefnanda. Fjárhæð þessi hafi, eins og áður er getið, gengið upp í leigugjald skipsins Sigurðar Péturs fyrir aprílmánuð, og hefur því ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu gagnstefn-

anda. Gagnstefnda telur, að framkvæmdastjórinn hafi haft fullt umboð til að ávísa fjárhæðinni, og hefur algerlega andmælt því, að það sé skylt til að endurgreiða fé þetta.

Eins og fyrr er getið, er gagnstefnandi bundinn af skipsleigusamningnum. Afhending ávísunarinnar á innstæðu gagnstefnanda hjá Almennum tryggingum h/f til gagnstefnda var einn liður í framkvæmd leigumálans. Verður því að telja, að framkvæmdastjórinn hafi haft heimild til að ávísa innstæðunni, og er gagnstefnandi bundinn af þeirri ráðstöfun. Ber því að sýkna gagnstefnda af kröfu gagnstefnanda um endurgreiðslu á peningafjárhæð þessari.

Hins vegar ber að dæma gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda málskostnað í gagnsök, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.500,00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefnda, Samvinnufélagið Björg, aðalstefnanda, Skeggja h/f, kr. 43.500,00 með 7% ársvöxtum af kr. 13.500,00 frá 1. maí 1956 til 1. júní s. á. og af kr. 43.500,00 frá þeim degi til greiðsludags,  $\frac{1}{3}$  % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 250,00 í stimpilgjald og afsagnarkostnað og kr. 5.000,00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði gagnstefnda, Skeggi h/f, gagnstefnanda, Samvinnufélaginu Björgu, kr. 2.500,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.